

Aristóteles. Maðurinn og fæði hans

Aristóteles Níkomakkosarson (384-322) frá Stagíru í Makedóníu er af mörgum talinn mesti heimspekingur og vísindamaður allra tíma. Hann nam í Akademíu Platons á árunum 367-347. Sjálfur stofnaði hann skóla, Lykeion árið 335. Hann var kennari m.a. Alexanders mikla. Mýmörg rit hans eru að öllum líkindum týnd. En boðskapurinn hefur varðveist á athugasemdablöðum hans sjálfs eða nemendanna. Hugsanlega hefur eitthvað af ritum hans þó lifað í arabískum þýðingum, síðar þýddar á latínu.

Aristóteles skrifaði í um fjóra áratugi og er því nánast sjálfgefið, að hugmyndir hans hafi í einhverju tilliti breyst á árunna rás. Hann þykir af mörgum torskilinn. Hin ýmsu verk hans verða trauðla tímasett. Ritin skiptast í sex bólkka: 1) Organon (tækin, aðferðirnar), 2) eðlisfræði (sem felur í sér sálfræðina), 3) dýrafræði, 4) verk um náttúruna, 5) frumspeki og 6) siðfræði, stjórnmálafræði og fagurfræði.

Um heimsmynd:

Heimur Aristótelesar er eilífur, endanlegur og óumbreytanlegur. Sólin er kyrrstæð miðja hans, en um hana hverfast hvelin með sól, tungl, stjörnur fastar bæði og reikular. Neðan tunglsins er byggingarefnið frumefnin fjögur; jörð, vatn, eldur og loft. Það fimmta er raunar ljósvakinn (ether), sem himintunglin eru smíðuð úr.

Í ljósvakanum er hina guðdómlegu frumverund að finna. Hún íhugar, hugsar og hrærir, óháð frumefnunum. Hún er frumhreyfill heims og tilveru.

Um vísindi og aðferð:

Samkvæmt Aristótesli eru þrjár megingreinar á meiði þekkingarinnar: 1) Fræðileg eða hrein vísindi (þar með talin stærðfræði, eðlisfræði og guðfræði eða frumspeki). Þau beinast að sannleiksleitinni. 2) Siðleg eða siðvísindi (þar með talin stjórnspeki og hagfræði), sem beinast að breytninni. 3) Verkleg eða tæknivísindi (þar með taldar listir, skáldskapur og iðnir.), sem fjalla um sköpunina.

Nálgun Aristótelesar til viðfangsefnanna er sérdeilis jákvæð. Í upphafi bókar sinnar, siðfræði Níkomakkusar, kemst hann svo að orði: „Sérhver list og rannsókn, sérhver athöfn og val, virðist stefna að einhverju góðu. Því var hinu góða vel lýst sem markmiði alls.“ Allt í veröldina miðar út einhverja stefnu, einkum lifandi verur, hefur sinn tilgang, sem er fólgin í eðlilegum þroska og dæmigerðu lífi tegundarinnar. Speki Aristótelesar er kölluð tilgangshyggja. Siðfræðihugsun hans er kölluð heillastefna (sbr. John Stuart Mill, utilitarianism). Hún er grundvöllur stjórnspekinnar. Stundum er talað um dyggðafraði Aristótelesar (siðferðileg sálfræði), sem nútíma dyggðafraði dregur dóm af.

„Vér teljum að þekkingin sé fögur og mikilsverð, og ein tegund þekkingar tekur annarri fram, ýmist fyrir sakir nákvæmni eða af því að viðgangsefni hennar eru öðrum göfugri og tignarlegri. Af báðum þessum sökum hníga að því rök, að þekkingu á sálinni sé gert hæst undir höfði.“ (Aristoteles: Um sálinna, Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1993, s. 75.)

„Markhyggja segir að engin athöfn sé einhlít sjálfri sér heldur beinist hún ávallt að einhverju markmiði sem gefur henni gildi. En markmið ákveðinnar (breytni þarf ekki að vera endanlegt, heldur getur þetta markmið verið tæki til að nálgast annað markmið sem er

endalegra.“ (Aristóteles: Siðfræði Nikomakkosar I. Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1995. Inngangur og skýringar Svavars Hrafns Svavarssonar, s. 85-86.)

Aristóteles er (af sumum talinn ásamt með Stóuspekingum) sá heimspekingur, er fyrstur beitti rökfræði eða rökghendu (syllogism) og aðleiðslu eða tilliðslu sem vísindalegri aðferð. „Með aðleiðslu aðferðinni (gr. Epagoge, L: inductio) búum vér oss til almennar staðhæfingar (apofasis) um orsakir eða eðli hluta og viðburða; þær verða síðan að forsendum (gr: protasis, l: præmissæ) í ályktunum vorum (syllogismos), sem vér svo leiðum ú af hina rökréttu niðurstöðu [...]. Rétt þykir að virða ályktunina nánar fyrir sér. Í henni eru jafnan þrjár dómur eða fullyrðingar, tvær forsendur og ein niðurstaða. Sérhver dómur er orðinn til úr tveim hugtökum, frumlagi og umsögn.“ (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 244.)

„Allar rökskýringar eru annað hvort skilgreining eða sönnun. Sannanir hefjast á forsendu og enda með einhverjum hætti á syllogisma eða niðurstöðu [...] halda áfram í beina stefnu með því að bæta við sig miðlið og endalið.“ (Aristoteles: Um sálina, Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1993, s. 92.)

Aristóteles gerði greinarmun á svonefndri fræðilegri sönnun. Við slíka sönnun eru sannar lagðar til grundvallar sönnunum niðurstöðum. Hins vegar er um að ræða þráttarsönnun (díalektísk), sem eiga við um rökræður. Forsendur hennar eru viðteknar skoðanir.

Í síðari rökgreiningum I.2.71a21-33, skrifar Aristóteles: „...forsendurnar verða að vera sannar, milliliðalausar, skiljanlegri (eða þekktanlegri), frumlegri en niðurstaðan og skýrandi fyrir hana ... Forsendurnar verða að vera (a) sannar, því það sem er ósatt er óþekktanlegt ... (b) frumlegar og (c) ósannanlegar, því annars er ekki hægt að þekkja þær án sönnunar ... (d) þær verða að vera útskýrandi, (e) skiljanlegri og (f) frumlegri: útskýrandi því fræðileg þekking veltur á því að hafa útskýringu, frumlegri af því þær eru útskýrandi og þekktar ekki bara í þeim skilningi að þær séu skildar, heldur í þeim skilningi að við vitum að þær eru sannar.““ (Fyrirlestur HÍ jan. 2013. Þýðandi Svafar Hrafn Svafarsson.)

Um frumspeki:

„Eins og Aristoteles útskýrir frumspeki sína í bókinni sem hér fer á eftir, fæst hún við frumorsakir þess sem er til. Þessar orsakir eru ferns konar: efni, form, uppspretta hreyfingar (eða aflvaki) og tilgangur. Þessum orsökum er ætlað að útskýra hvers vegna veruleikinn er eins og hann er, enda er þekking á orsökum nauðsynlegt skilyrði allrar þekkingar, segir Aristóteles.

Í fyrsta lagi er orsök efnið sem hlutur er úr; við getum útskýrt til dæmis myndastyttu með vísun til efnisins. Spyrjum til dæmis: af hverju er stytta hörð? Svarið er: af því hún er úr gulli og fílabæini. Þannig er útskýrt með tilvísun til efnis. Í öðru lagi er orsök formið sem hlutunum er léð; stytta hefur lögun eða snið. Af hverju lítur stytta svona út, síðhærð og tígulega kona með skrautlegan hjálm og skjöld. ... Í þriðja lagi er orsök það sem býr til styttuna; listamaðurinn er einnig útskýring á styttunni. ... Í fjórða lagi er orsök tilgangur; til hvers stytta sé [...] (Aristoteles: Frumspekin 1. Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1999. Inngangur og neðanmálgreinar Svavars Hrafns Svavarssonar, s. 9-10.)

Um listir:

„Líkt og Platon heldur Aristóteles því fram, að listin sé aðallega fólgin í eftirlíkingu. En úr þessari skýringu bætir hann bráðlega[...] að það sé ekki svo mjög eftirlíking hins ytra sem hins innra eðlis einstakling og hluta. Vill hann, að skáldmyndirnar geti orðið að fyrirmyndum (typum), er lesa megi út úr hin almennu lögmál lífs og breytni. Sé skáldskapnum þannig farið, megi oft læra meira af honum en sjálfri sögunni. Skáldskapinn má hafa til margra hluta. Líkt og hljóðfæraslátturinn getur verið mönnum fyrst og fremst til skemmtunar, þá til listiðkunar og til siðferðilegrar betrunar, þannig getur og skáldskapurinn orðið til alls þessa.“ (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 263.)

Skáldskapurinn getur aukið skilning og innsæi í mannlífið, því hann færir hið einstaka í búning hins almenna og veitir mönnum tilfinningalega útrás. Hún lýtur almennum lögmálum, sem hvort tveggja má greina og skilja. Aristóteles aðgreinir sögukviður, harmleiki og skopleiki. Hann greinir sex frumþætti verksins: sögu, skapgerðir, orðfæri, hugsun, leikmynd og sönglög. Fegurð verksins felst einkum í stærð og skipulagi þess.

Um fjölskyldu – samfélag:

Í fyrstu bók um stjórnsmál lýsir Aristóteles, hvernig karl og kona, háð hvoru öðru um lífsbjargir og vöxt og viðgang ættstofnsins, mynda fjölskyldu, fleiri fjölskyldur mynda síðan þorp og þorpinn stærra samfélag eða (borg)ríki. Ríkið stefnir að því að skapa þegnum sínum hin æðstu gæði með öflugri hætti en einstaklingar, fjölskyldur eða minni samfélög hafa mátt til. Í hverjum manni býr hin félagslega eðlishvöt. Því er maðurinn félagsvera. Í samskiptum manna skal réttlæti ríkjja. Þá er maðurinn öllum skepnum betri. Annars er hann öllum villidýrum verri. Stefna bera að farsæld allra.

Mismunandi dyggðir prýða karla og konur; karlar skulu ala önn fyrir fjölskyldunni, sjá börnum sínum fyrir menntun, annast stjórnsmál og varnir. Dyggðir kvenna beinast fyrst og fremst að verkefnum innan stokks. Ástúð og umhyggju hafa báðir foreldrar til að bera gagnvart börnum sínum.

[F]áir grískir höfundar hafa farið jafnlofsamlegum orðum um hjónabandið og hann.[T]ilgangur ríkisins er að stuðla að góðu uppeldi barna og unglinga [...].“ „Líkt og Platon vil Aristóteles setja ákveðnar reglur um barngetnað, einkum að því leyti, að ekkert sjúkt og veilt nái að alast upp. Þá vill hann og láta setja ákveðnar reglur um meðferð ungbarna.“ (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 261.)

„Samfélag föður og sona hefur viðlíka snið og konungsveldi, því faðirinn ber umhyggju fyrir börnum sínum.“ (Aristóteles: Siðfræði Nikomakkosar I. Hið Íslenzka bókmenntafélag, Rvk. 1995, s. 173.)

„Samfélag manns og konu virðist vera aðalsveldi, því maðurinn stjórnar eftir verðleikum sínum og þegar hann skyldi stjórna en lætur konunni eftir það sem henni hæfir. Ráði maðurinn öllu leiðir sambandið til fámennisstjórnar, því þá brýtur hann á hlutfallslegum verðleikum manns og konu en stjórnar ekki vegna yfirburða sinna.

Stundum stjórna þó konur séu þær erfingjar, en þá stjórna þær ekki fyrir eigin ágæti heldur í krafti auðæfa og valda, eins og í fámennisveldi.“ (Sama rit, s. 174.)

„Þó vinátta skyldmenna virðist vera margvísleg virðist hún einatt byggjast á vináttu foreldra, því foreldrar elska börnin sín sem hluta sjálfra sín og börnin elska foreldra sína sem uppruna

sinn.....foreldrar elska börn sín strax við fæðingu þeirra en börnin elska foreldra sína að nokkrum tíma liðnum, með skilningi og skynjun. Af þessu má líka ráða hvers vegna mæður elska börn sín meira en feður.“ (Sama rit, s. 177.)

„Vinátta barna við foreldra sína og manna við guði er samband við eitthvað æðra og gott, því foreldrar eru mestu velgjörðamenn barna sinna, valdir að tilvist þeirra, uppeldi og menntun allt frá blautu barnsbeini.“ (Sama rit, s. 178.)

„.....en mannfólkið lifir saman ekki aðeins vegna tímgunar heldur einnig vegna ýmissa lífsnauðsynja. Það kemur strax til verkaskiptingar milli kynja; þau hjálpa hvort öðru og leggur hvort kynið sitt af mörkum. Af þessum sökum virðist þessi vinátta hafa að geyma bæði nytsemi og ánægju. Hún getur einnig byggst á dyggðum ef aðilarnir eru góðir, því hvor hefur sína dyggð sem hvor tveggja getur notið. Börnin hnýta kynin saman;.....börnin eru sameiginleg heill hvoru tveggja og hið sameiginlega hnýtir saman.“ (Sama rit, s. 179.)

„Svo virðist sem okkur væri skylda að framfleyta foreldrum okkar, því við stöndum í þeirri skuld við foreldra okkar, enda göfugra að hjálpa höfundum okkar en sjálfum okkur í þessum málum. Einnig skal heiðra foreldra sem guðina, en ekki með hvaða virðing sem verkast vill, því ekki skal sýna móður sams konar virðingu og föður, né heldur skyldi heiðra foreldra jafnt og vitring eða herforingja, heldur gjalda virðingu sem faðir á skylda og að sama skapi móðir.“ (Sama rit, s. 195.)

Vöggugjafir - arfur:

Aristóteles taldi manninn hafa fengið í vöggugjöf eins konar tengsla- eða félagshvöt (social instinct) ásamt hæfileika til skynjunar. Þörf til að tileinka sér þekkingu, læra, taldi hann mönnum í blóð borna.

„Fyrsta breytingin, sem verður á skynjandi veru, er verk foreldranna, og þegar hún fæðist, býr hún þegar yfir skynjun á sama hátt og þekkingu. Og að skynja í athöfn samsvarar því að beita þekkingu. ... Orsök þess er sú, að viðföng virkrar skynjunar eru einstakir hlutir, en viðföng þekkingarinnar eru hið altæka. Þessi síðarnefndu eru með einhverjum hætti í sálinni sjálfri. Af því leiðar að það að hugsa er undir einstaklingnum sjálfum komið, hann getur hugsað, þegar hann vill, en það að skynja er ekki undir honum sjálfum komið: nauðsynlegt er að viðföng skynjunarinnar séu fyrir hendi.“ (Aristoteles: Um sálina, Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1993, s. 124.)

„Markmiðið er ekki sjálfvalið, heldur verður maður að fæðast með ákveðna sýn, ef svo má segja, sem gerir honum kleift að dæma vel og velja sönn gæði. Maður sem hefur slíka gáfu er vel gerður. Þessi gáfa er mest og göfugust og verður hvorki fengin né numin af öðrum; hún verður að vera slík sem hún var við fæðingu. Sé maður vel og fagurlega gæddur þessari gáfu hefur hann hlotið fullkomna og sanna náðargjöf.“ (Aristóteles: Siðfræði Nikomakkosar I. Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1995, s. 304.)

Um karlmennsku:

Hermennska var eitt mikilvægra hlutskipa karlmannna í forngrískum samfélögum. Í gríska borgríkinu skyldi hermaðurinn sjálfur útvega hertygi sín. Forngrískar mæður báðu syni sína að snúa aftur úr hernaði, ef ekki lifandi, þá bornir að skildinum. Heimilisföður bar að verja

fjölskyldu sína. Hugrekki taldi Aristóteles til mikilvægra dyggða. Meðalhóf öfganna (meðallag) gildi um hugrekki sem aðrar dyggðir.

„Og sá sem óttast ofstopa [...], öfund eða eitthvað slíkt gagnvart konu sinni og börnum er ekki blauður og ekki heldur hugrakkur þótt hann standi gleiður frammi fyrir kvalara sínum.“ (Aristóteles: Siðfræði Nikomakkosar I. Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1995, s. 307.)

„[...] enginn stendur fastar fyrir en karlmennið þegar mesti voðinn steðjar að. Dauðinn er skelfilegastur; hann er endir; ekkert telst lengur gott eða vont hjá dauðum. Við hvaða aðstæður skiptir dauðinn máli fyrir slíkan mann?.....við hinar göfugustu aðstæður.....hermanns á vígvelli.....réttilega hugrakkur sem óttast ekki göfugan dauðdaga eða banvæn áföll [...].“ (Sama rit, s. 307-308.)

„[...] .hugrekki er göfugt [...]. Karlmennið stendur [...] fast fyrir og breytir eftir boðum hugrekkis vegna göfginnar [...] ef hann óttaðist ekki neitt, hvorki jarðskjálfa né öldurót [...] væri hann tilfinningalaus eða brjáláður.“ (Sama rit, s. 310)

„Karlmenin eru hins vegar snörp þegar á hólminn kemur en yfirveguð áður [...] að deyja á flóttu undan örbirgð, ást eða einhverju sem veldur þjáningu er ekki einkenni karlmennis heldur öllu frekar bleyðu [...].“ (Sama rit, s. 311.)

„Stjórnvitringurinn, Sólon, taldi vin sinn, Tellom, hamingjusamastan mann, þar eð; „hann átti vel til hnífs og skeiðar, naut barnabarna sinna og féll að lokum í orrustu til varnar föðurlandinu.“ (Aristóteles: Siðfræði Nikomakkosar II. Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1995. Neðanmálgrein þýðanda, Svavars Hrafns Svavarssonar, s. 256.)

Um guð:

“Aristóteles hefur þó skoðanir á guðdómnum eins og öllu öðru. Hann er hrein hugsun, hrein og fullkomin skynsemi, form án efnis. Við þekkjum áþekka hugsun úr upphafi Jóhannesarguðspjalls. Mannskepnan á að vissu leyti hlutdeild í guðdómnum, nefnilega að svo miklu leyti sem hún er skynsemisvera. Og það er hún reyndar umfram allt. Þess vegna ber henni skylda til að líkjast guðdómnum eftir megni, segir Aristóteles.

Það er köllun mannsins sem skynsemisveru. En þetta ber að gera [...] ekki vegna opinberunar guðs heldur af því skynsamleg rök mæla svo fyrir. Gegni góður maður einhverjum reglum í breytni sinni gegnir hann þessum reglum vegna þess að þær koma frá skynseminni en ekki opinberuðum sannleika. Allt miðast við mannlega skynsemi. Samkvæmt Aristótelesi felast afleiðingar góðrar breytni einnig í þessu náttúrulega ástandi, en ekki verðlaunum guðs. Því getur mannskepnan sem dýr aðeins breytt með fulltingi hvata sinna og tekur skynsemin sjálf mið af því; breytni ræðst ekki af stríði hvata og skynsemin. Þannig er lítið gefið fyrir meinlæti í lifnaðarháttum; ánægjan er eðlilegur fylgifiskur hvernar þeirrar breytni sem er eiginleg mönnum og dýrum. “ (Svavar Hrafn Svavarsson. Inngangur að Siðfræði Nikomakkosar eftir Aristóteles, s. 83 – 84.)

Um frummyndir:

„Til að afmarka sérstöðu sína gagnvart Platon varð Aristoteles að byrja á því að gagnrýna kenningu hans um frumheiminn og frummyndirnar, sem áttu að vera til, eilífar og óumbreytanlegar, upp af skynheimi vorum [...]. Þannig hafði Platon haldið því fram, að hinar

almennu hugmyndir væru í raun réttir upprifjanir frá uppheimslífi sálarinnar endur fyrir löngu. En Aristóteles hélt því fram, að endurminningarnar spryttu af skynjunum vorum í þessu lífi og að hinar almennu hugmyndir vorar yrðu til fyrir það eitt, að úr þeim sáldaðist hið sérkennilega og einstaklega fyrir sífellða endurtekingu og margs konar reynslu. Hugmyndir þær, sem Platon hafði gjört sér um frummyndir alls, voru næsta ófullkomnar og vanhugsaðar, þegar nánar var að gáð.

Platon hafði þannig ekki einungis hugsað sér, að til væru frummyndir fyrir hverja tegund hluta, heldur og fyrir helztu einkenni þeirra og sambandið eða afstöðuna þeirra í milli. Þannig átti ekki einungis „frum-maðurinn“ að vera til sem sjálfstæð frummynd, heldur og hið „frum-góða“ og „frum-fagra.

En þá sýndi Aristóteles fram á, að annaðhvort hlyti þá hver frummyndin að standa í einhverju sambandi við aðrar frummyndir eða þær væru sjálfar samsettar úr öðrum frummyndum og því ekki raunverulegar frummyndir. Auk þess er sá ljóður á, að ekki er auðvelt að skapa sér hugmynd um sumar þessar frummyndir.“

„Þótt nú Aristóteles sæi svo glöggt gegnum þessa hulu platónsku spekinnar, gat hann samt sem áður ekki losað sig að fullu við þessa frummynda-kenningu hans, enda viðurkenndi hann, að hann væri og myndi jafnan verða Platóningur í vissum skilningi þess orðs. Hann var jafnsannfærður og Platon um það, að hinar almennu hugmyndir eða „formur“ þeirra væru starfandi öfl, er réðu fyrir þróun og þroska hlutanna. En hins vegar hélt hann því fram, að formur þessar hlytu þá að búa í hlutunum sjálfum. Þess vegna dró hann svo að segja frummyndirnar af hinnum ofan og fékk þeim bólfestu í sjálfum hlutunum.“ (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 249-250.)

Um efni, eðli og verund:

„Fyrst er efnið (hyle), og hefur það aðeins möguleika (dynamis) til þess að verða að einhverju, en getur ekki orðið það fyrir eigin rammleik. Til þessa þarf formmið (eidos) eða eðlismyndina (morfe). Hún setur efninu ákveðinn tilgang (telos), sem sé þann, að koma hinni innri eðlismynd, sem fólgin er í efninu, á það hið ytra. Eðlismyndin verður því að starfandi innanmiði (entelekeia) í efninu og starfar þangað til, að efnið hefur náð hinni ákveðnu lögun sinni. Efnið hefur að vísu „löngun“ til þess eða möguleika að taka á sig einhverja eðlismynd, en það megnar það ekki af sjálfsdáðum [...] stafar öll þróun hlutanna og fullkomnun þeirra frá hinni innri eðlismynd, sem í þeim býr hverjum fyrir sig, því að hún gefur efninu hreyfimagnt sitt og tilgang.

Samkvæmt þessu telur Aristóteles fjórar tegundir orsaka: - 1. Efnisorsökina (er síðar var nefnd *causa materialis*), 2. Formorsökina (c. *formalis*), 3. Tilgangs-orsökina (c. *finalis*) og 4. Hreyfi-orsökina (c. *efficiens*). Í raun og veru eru orsakirnar aðeins tvenns konar, efnið, sem er möguleiki þess, er verða á, og forman, eða eðlismyndin, er vekur efnis til starfs og gjörir tilganginn að veruleika (*energeia*) [...].

Þegar öllu er á botninn hvolft, er eins og Aristoteles hugsar sér tvö skaut í tilverunni, efnið hið neðra sem undirstöðu alls og efnivið, en guð eða andann hið efra, er með hugsun sinni hafi þegar frá eilífu sett öllum hlutum tilgang [...]fannst að efnið hefði þegar frá eilífð verið að þroskast stig af stigi, þannig að fyrst yrðu frumefnin til, þá hinar margvíslegu ólífrænu hlutir, því næst jurtir allar og dýr og loks æðsta skepna jarðar, maðurinn. Þeir heimar, sem eru næst guði, eru fullkomnastir, bæði að hreyfingu og öðru.“

„Úr jarðnesku frumefnunum fjórum, eldi, lofti, vatni og jörð (en þar fylgir Aristóteles Empedóklesi), erui allir hlutir til orðnir, en eftir því, hvaða frumefni helzt eru í þeim, leita þeir til hins „náttúrulega staðar“ síns fyrr eða síðar.“ Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 250-254.)

Hjá Aristótelesi er verundin eðlið sjálf, hver einstakur hlutur er verund hans. Einstakar verundir verða til við samruna eða samsetningu sniðs (forms) og efnis. Verundin er nefnd hvort tveggja upphaf og orsök, frumstæðasti veruleikinn. Maður t.d. er verund. En deilt er um hvort Aristóteles átti við, að tegundin, maður, væri verund sem slík eða hvort einstaklingur innan tegundarinnar væri verund. Verundin er veruleikinn sjálfur í dýpsta og sannasta skilning þess orðs, en í þessum skilningi er verundin hreint snið (form), óháð öllu öðru. Guð er dæmi um þannig snið.

„Orðið verund [...] þýðir einfaldlega raunverulegasti þáttur hvaða hlutar sem vera skal, hvort heldur þetta er eðli hlutar eða efnisleg undirstaða. Hins vegar notar A. orðið venjulegast til að vísa til eðlis eða forms hlutar, sem hann telur vera raunverulegasta þáttinn [...]“ (Aristoteles: Frumspekin 1. Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1999. Inngangur og neðanmálgreinar Svavars Hrafn Svavarssonar, s. 52.)

Í inngangi að Siðfræði Nikomakkosar eftir Aristóteles, segir Svavar Hrafn Svavarsson: “Þegar við rannsökum veruleikann og sjáum hversu brigðull hann er tökum við eftir því að sumt virðist haldast stöðugt þótt annað breytist. Til dæmis getur einhver einstakur maður breyst. Þó er ljóst að þessi maður hlýtur að hafa eitthvað til að bera sem gerir honum kleift að vera maður og breytast sem maður. Þetta hefur gengið undir ýmsum nöfnum en kallast iðulega „eðli“ eða „verund.“ Það var Aristóteles sem ýtti þessum hugtökum úr vör. Íslensu orðin eru þýðingar á latnesku orðunum natura og essentia.“ (s. 71)

Samkvæmt skilgreiningu Aristótelesar: „Gaumgæfa skal, hvort eðli hvers einstaks hlutar sé eitt og hið sama eða öðruvísi. Það er mikilvægt með tilliti til rannsóknar á verund, því ekki ber á öðru en að í hverjum hlut sé eiginlega verund hans fólgin – og svo er sagt, að eðlið sé í raun eðli hans.“ Þetta skýrir hann nánar í sambandi við samsetningu efnis og sniðs (forms). Hann bendir á, að eðlið sjálft sé í sniðinu (forminu) fólgið og sé frumverund, þ.e. verund án efnis er eðlið. Sniðið er einungis sjálfu sér háð, öðru aðskiljanlegt og efnislaust, eins og Guð sjálfur.

Svavar útskýrir áfram: „Það sem svarar spurningunni „hvað er þetta?“ flokkast til verundar og það sem tilheyrir þessum flokki er verund. Þessi flokkur verunda er grunnflokkurinn, því hann er undirstaða allra hinna flokkanna: maður er sagður vera tveggja metra, sem er hæð mannsins, en ljóslega er maðurinn sjálfur nauðsynleg forsenda hæðar sinnar. Verund er undirstaða eða frumlag [...]. Þannig er einstakur maður undirstaða eða frumlag stærðarflokksins: Jón er hávaxinn maður.“ (s. 72 - 73)

„Verundin er ákveðin undirstaða eða frumlag sem hefur sínar umsagnir. Einnig mætti segja að verundin væri eining efnis og forms, ákveðin samsetning.“ (s. 81)

„Í umsögnum hafði Aristóteles skipt verundaflokknum í frumlegar og annarlegar verundir. Einstaklingar eru frumlegar verundir, en tegund og ætt eru annarlegar. Þessi greinarmunur á hinu einstaka og hinu altæka er mikilvægur í allri heimspeki Aristótelesar.“ (s. 78-79)

Um virkni og breytingu:

„Það sem orsakar breytinguna er einhver virkni. Og fyrst breytingin er eilíf, er virknin eilíf. Annars hættir breytingin. Hér erum við komin að frumorsök hverseina, frumhreyflinum. Hann er sú virkni sem kemur allri breytingu af stað. Hann hlýtur að vera efnislaus, því efnið gæfi til kynna möguleika á breytingu, sem stríðir gegn eilífð virkninnar. Þessi ófnislegi frumhreyfill hreyfir hvaðeina sem markmið og þannig er hann hið góða, endaleg heill hverseina, það sem allt stefnir að. Þessa eilífu virkni nefnir Aristóteles guð. Virknin sjálf er hugsun eða vit, enda er efnislaust form sagt jafngilda hugsun.

(Aristóteles, Frumspekin XII). “Þetta er uppspretta heimsins og náttúrunnar. Líf hennar er eins og lífið sem við best lifum um skamma hríð. Þannig hlýtur hún ávallt að vera. En þetta er okkur ómögulegt, því virkni hennar er einnig ánægja [...]. Vit í sjálfu sér beinist að því sem er best í sjálfu sér. Æðsta vit beinist að æðstu gæðum. Vit hugsar sjálft sig með hlutdeild sinni í viðfangi sínu. Vit verður viðfang sjálfs sín með skilningi sínum og hugsun. Þannig verður vitið og viðfang þess eitt og samt, því það sem skilur viðfang vits, sem er verund, er vit. Virknin brýst fram þegar vitið hefur viðfang sitt.“

„Manneskjan er náttúrulegt fyrirbæri af holdi og blóði. [...] hefur einnig eitthvað sem gerir henni kleift að lifa, vera lifandi. Þetta hefur kallast sál en mætti frekar kalla lífsgróanda. Þessum skilningi skildi Aristóteles sálina. [...] frábrugðin sálum annarra dýra með því að búa fyrir skynsemi. Það er einkenni manneskjunnar [...] samsetning sálar og líkama [...] gefur sálin líkamanum form og tilgang. Þannig er engin sál á líkama, og enginn lifandi líkami á sálar. Sálin er því ekki einhver sérstök vera, guðdómleg eind sem er hneppt í fjötra holdsins. (Aristóteles: Siðfræði Nikomakkosar I. Hið Íslenzka bókmenntafélag, Rvk. 1995. Inngangur og skýringar Svavars Hrafns Svavarssonar, s. 81-82.)

Um umsagnir:

„Ef við höfum frumlag setningar er umsögn á tíu vegu. Hún gefur til kynna verund hlutarins, stærð, einkenni, afstöðu, stað, tíma, stöðu, höfn, gjörð og áverkan [...] má skipta umsögnum í þessa tíu flokka. Þessir flokkar hafa oft verið nefndir „kategoríur“, en ekki umsagnirnar sjálfar og því hefur orðið stundum verið þýtt „riðlar“ eða „kvíar“. (Aristóteles: Siðfræði Nikomakkosar I. Hið Íslenzka bókmenntafélag, Rvk. 1995. Inngangur og skýringar Svavars Hrafns Svavarssonar, s. 70-71.)

Kvíarnar eru tíu talsins: Verund (tilgreindur veruleiki, tilvera einhvers), eiginleiki, magn, afstaða, hvar, hvenær, staða, hafandi, gerandi og þolandi.

„Umsagnakenning Aristótelesar var ákveðið svar við kenningu Platons; hin altæka frummynd lýtur í lægra haldi fyrir verund einstaklingsins. Hugmynd Platons hafði verið andsvar við hugmyndum manna eins og Parmenídesar, sem hélt því fram að ekkert mark væri takandi á skynheiminum, enda væri sannur veruleiki óbreytanlegur, samur sjálfum sér og engu öðru.“ (Aristóteles: Siðfræði Nikomakkosar I. Hið Íslenzka bókmenntafélag, Rvk. 1995. Inngangur og skýringar Svavars Hrafns Svavarssonar, s. 73.)

Um hvatir:

Hvatir (t.d. löngun), sem eru sem slíkar skynlausar (þó er val einnig nefnt hvöt) kenndir, birtast í sálarhneigðinni, sem getur verið góð eða slæm í samræmi við menntun og upplag. Góð sálarhneigð er dyggð í sjálfri sér. Maðurinn ber fulla ábyrgð (responsibility) á hneigðum sínum,

sem ættu umfram allt ættu að miða að farsæld (fullfillment) í lífinu, óskín um það er einmitt hin rétta ósk, ósk hins góða og hyggna, sem í sjálfum sér er grundvallarviðmiðun um allt háttarni.

Maðurinn stjórnaðist af hvötum og kenndum, sem skynsemin þurfti að aga til hlýðni. Skynseminni skipti Aristóteles í rökhluta annars vegar og þekkingarhluta hins vegar.

Hneigð er tiltekið ástand sálarinnar. Aflvaki hennar er kenndin, sem skilgreinir inntak hennar og styrk. Hneigð getur verið dyggð. Í fyrrgreindri bók skilgreinir Aristóteles dyggð svo: „[...] hneigð sem lýtur að fyrirætlun eða vali og felst í meðallagi miðað við okkur; hún skilgreinist af skynseminni og sem hygginn maður myndi skilgreina. Hún er meðallag tveggja lasta, þar sem annar ræðst af skefjaleyssi og hinn af skorti.“ (Siðfræði Nikómassusar, s. 267)

Aristóteles gerir að umtalsefni andstyggilegar og afbrigðilegar hvatir eins og að lána börn sín, rista sundur kvið vanfærrar konur og leggja sér fóstrið til munns eða lífláta fólk fólkskulega á annan hátt.

„Þessar hneigðir eru skepnuskapur, en aðrar verða til fyrir sjúkdóma (ellegar brjálæði í ýmsum tilvikum, eins og brjálæði mannsins sem fórnaði og át móður sína eða þrælsins sem át lífur úr félagu sínum). Enn aðrar eru sjúklegar sem verða til fyrir siðvenju, eins og að kroppa hár sitt eða naga neglur, eða bryðja jafnvel kol og mold, og aukin heldur að leggja lag sitt við drengi.

Þessar hneigðir eru sumum í blóð bornar en verða til með öðrum fyrir venju, eins og þeim sem hefur sætt ofbeldi frá blautu barnsbeini. Nú kallast þeir menn aldrei breyskir sem eru þessar hneigðir eðlislægar, ekki frekar en konur sem eru þolendur í samskiptum kynjanna, né þeir sem eru sjúklega hneigðir vegna venju. Slíkar hneigðir eru handan lasta.

Allar skefjalausar hneigðir, hvort heldur flónska eða hugleysi, hófleysi eða geðvonska, eru annað hvort skepnuskapur eða sjúkdómur. Þegar manneskja eðli sínu samkvæmt hræðist hvaðeina, jafnvel músarvæl, er hugleysi hennar skepnuskapur, en hræðsla manneskju við hreysikött er sjúkleg.“ (Aristóteles: Siðfræði Nikomakkosar II. Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1995, s. 116-117.)

Um skynjun, ímyndun, hugsun og tilfinningar:

„Aristoteles gerir skynjuninni hátt undir höfði [...] og telur hana bersýnilega næsta mikilvæga til skilnings á sálrænni starfssemi [...] sérhvert skyn hefur sín sérstöku skynviðföng (liti, hljóð, lykt o.s.frv.). Skynjun er fólgin í því að skilningarvitið nemur það, sem hann kallar hið „skynjanlega form“ skynviðfangsins án efnis þess. Eða eins og hann orðar það einhvers staðar: steinninn er ekki í sálinni, heldur hið skynjaða form hans. Aristóteles geri sér vel ljóst, að margt það sem lífveran skynjar er þess eðlis að einstök skyn fá ekki numið [...].“ Hann setur fram „kenningu um samstarf einstakra skyna [...] eða „samskyn.“ (Aristoteles: Um sálina, Hið Íslenska bókmenntafélag. Inngangur og skýringar Sigurjóns Björnssonar. Rvk. 1993, s. 56.)

„Hvert skyn metur sitt eigið skynviðfang og lætur ekki blekkjast hvað varðar lit og hljóð, heldur um staðsetningu og eðli hins litaða hlutar eða stað og eðli þess, sem getur frá sér hljóð. Þess háttar skynviðföng eru sögð „sérstök“ fyrir hvert skyn, en „sameiginleg“ eru hreyfing, kyrrstaða, fjöldi, lögun og stærð. Því að þessi viðföng eru ekki sérstök neinu einstöku skyni,

heldur sameiginleg öllum.“ (Aristoteles: Um sálin, Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1993, s. 125.)

„Venjulega er litið á hugsun og skynsemi sem eins konar skynjun (í báðum tilvikum metur sálin og þekkir eitthvað, sem til er).“ (Sama rit, s. 152.)

„Ímyndunin greinist enn fremur bæði frá skynjun og hugsun. En hún getur ekki orðið án skynjunar, og á ímyndunar verður engin sannfæring, svo að ljóst er, að ímyndun er hvorki hugsun né sannfæring. Því að þetta ástand er undir oss sjálfum okkur komið, þegar vér viljum svo við hafa (vér getum séð eitthvað fyrir augum vorum, [...] þegar vér höldum, að eitthvað sé óttalegt eða hræðilegt, upplifum vér jafnframt samsvarandi tilfinningu.“ (Sama rit, s. 153.)

„En þar sem nú enginn raunverulegur hlutur getur verið til aðskilinn frá skynjanlegri stærð, að því er virðist, þá er það í skynjanlegum formum, sem viðföng hugsunarinnar búa, bæði það sem nefnt er „sértekningar“, sem og allir aðrir eiginleikar og sérkenni skynviðfanga. Þess vegna er það, að ef vér skynjuðum ekki, gætum vér hvorki lært né skilið neitt. Og þegar vér hugsam, er óhjákvæmilegt að hugsuninni fylgi ímynd, því að ímyndir eru eins konar skynjanir, að því undanskildu, að þær eru efnislausar. Ímynd er á hinn bóginn frábrugðin staðhæfingu og neitun: það er í samfléttun hugsana, sem hið sanna eða ósanna hvílir. En að hvaða leyti greinast frumhugsanir frá ímyndum? Vissulega eru þær ekki ímyndir, þó að þær séu aldrei til, án þess að ímyndir fylgi með. (Sama rit, s. 166.)

„Nú telur Aristóteles skynjanirnar undirstöðu allrar þekkingar, en takmark hennar sé að mynda sér almenn og algild hugtök um hvaðeina og fara síðan með þau á viðeigandi hátt í dómum og ályktunum. Nú verða hugtök þessi til bæði sjálfrátt og ósjálfrátt. Ósjálfrátt fyrir það, að skynjanir vorar verða að endurminningum, en úr þeim myndast almenn hugtök og almennar staðhæfingar með vaxandi reynslu. En sjálfrátt fyrir vísindaiðju og röksemdaleiðslur. (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 242-243.)

Aristóteles „telur skynjanir vorar spretta af hræringum þeim í skynfærunum, sem vaktar eru í þeim af utan að komandi áhrifum. Skilningarvitin telur hann vera fimm, þreifiskyn, bragð, lykt, sjón og heyrn, en auk þess ætlar hann, að til sé nokkurs konar sjötta skyn, er hann nefnir hið „almenna skyn“, og á að hafa aðsetur í hjarta mannsins, er greini hina almennu eiginleika hlutanna, svo sem stærð, þyngd og hreyfingu, fjöld og fl.

Af skynjaninni spretta fyrst „ímyndanir“, þ.e. hinar óákveðnu og reikulu hugmyndir vorar um hlutina. En er þær endurtaka sig hvað eftir annað og virðast sprotnar af sömu eða svipuðum skynjunum, verða til úr þessu „endurminningar“, er vér lítum á sem upprifjanir þess, sem áður hefur borið fyrir. Upprifjanir þessar standa þannig af sér hver til annarrar, að það er eins og eitt minni á annað og dragi það á eftir sér, ýmist fyrir það, að það sé andstætt, líkt eða svipað því, sem (s. 256) áður hefur komið fyrir, eða það hefur verið í tíðum samvistum við það í tíma og rúmi,.....En af þessu leiðir, að menn vænta einhvers venjulegs eftirfara, góðs eða ills, er menn skynja eitthvað. Af þessu leiðir þæginda eða óþægindatilfinningu, von eða ótta.

En hún leiðir aftur af sér í hvatalífi voru ágirnd eða óbeit, og um leið vaknar fýsnin í hitt og þetta eða óttinn og hryllingurinn.“ Aristóteles „benti [...] fyrstur manna á hina líffræðilegu merkingu tilfinninga vorra, sem er sú, að sérhver eðlileg og holl lífshræring hefur að öllum jafnaði ánægju í för með sér, eins og hver óeðlileg og skaðvæn lífshræring hefur ógeðfeldni, ef ekki sársauka í för með sér.“ (s. 257)

Um hreyfingu:

Sál lífveranna hefur verið skilgreind sem tveir hæfileikar; annar er dómgreindin, sem er starfsemi skynsemi og skynjunar; hinn er að hreyfast í rými.“

„[H]reyfing tekur alltaf til þess, sem varðar eftirleitun eða flótta. Og jafnvel þegar hin skapandi hugsun íhugar eitthvað af því tagi, fyrirskipar hún hvorki flótta né nálgun. Það er sem hugsað er um eitthvað óttalegt eða ljúft, án þess að hugsunin fyrirskipi flótta. Hjartað eitt hreyfist hraðar, og ef um ljúft er að tefla, hreyfist annar líkamshluti.“

„Það virðist þá vera tvennt, sem hreyfingu veldur: annað hvort hvatir eða skynsemi, að því tilskyldu að vér teljum ímyndun einhvers konar skynsemi.“ (Aristoteles: Um sálina, Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1993, s. 166-169.)

Um sál:

„Aristoteles notaði aldrei orðið sálarfræði (psychologia). Það orð, þó af grískum uppruna sé, komst ekki í notkun, fyrr en næstum tveimur árþúsundum eftir hans dag. Og í rauninni er ekki rétt að segja, að hann hafi ritað sálarfræði [...].“ (Aristoteles: Um sálina, Hið Íslenska bókmenntafélag. Inngangur og skýringar Sigurjóns Björnssonar. Rvk. 1993, s. 52.)

„Að hans mati var sálin sjálf ekki einungis ein heild, heldur mynduðu líkami og sál eina órofa heild, þ.e. lífveruna.“ (Sama rit, s. 54.)

Þar sem sálin er frumforsenda lífsins, hafa allar lífverur sál. Hins vegar eru starfshættir sálarinnar mismunandi frá einni tegund til annarrar....“ (Aristoteles: Um sálina, Hið Íslenska bókmenntafélag. Inngangur og skýringar Sigurjóns Björnssonar. Rvk. 1993, s. 55.)

Hjá Aristótelesi merkir orðið nánast lífsgróandi (lífsafl/lífsvaki/lífskraftur) og greinir lífverur frá hinu lífvana. Allar lífverur hafa sína sérstöku sál, sem er í senn hreyfiafl, uppspretta breytingar, og stefnuafli, þ.e. beinir henni inn á brautir eðli hennar samkvæmt, endurspeglar tilgang hennar. Sálin er því tilgangssök lífverunnar. Fjölgun eða tímgun er megintilgangur hennar.

Aristóteles gagnrýndi hugmyndir læriföður síns, Platons: „Gagnrýni Aristótelesar á kenningu Platons er í átta liðum: 1) sálin er ekki stærð, 2) ef hún væri stærð, væri ógjörlegt að útskýra starfsemi skynseminnar, 3) ef skynsemin væri ævarandi, væri hún einnig endalaus, en öll hugsunarstarfssemi er takmörkuð og endanleg, 4) hugsunin ætti að snúast í hring, 5) staðreynd er að hugsun einkennist fremur af kyrrstöðu en hreyfingu, 6) það er galli á kenningunni, hvernig samband sálar og líkama er skilið, 7) engin tilgangsleg skýring er gefin á hreyfingu alheimsins, 8) og þessi kenning er haldin sama annmarka og aðrar kenningar, að ekki er útskýrt hvernig tiltekin sál er tengd tilteknum líkama.“ (Aristoteles: Um sálina, Hið Íslenska bókmenntafélag. Inngangur og skýringar Sigurjóns Björnssonar. Rvk. 1993, s. 91.)

Sál mannsins hefur þá sérstöðu að vera skynsemi gædd. „[M]annssálin, hin skynsemi gædda sál, [...] íhygli mannsins og skynsemi gædda vilja. Og hún er að hyggju Aristóteles af guðlegum uppruna og þess vegna ódauðleg. Þó skiptir hann henni þegar í tvennt, hina „þolandi“ skynsemi, sem er háð hinum óæðri störfum sálarlífsins og ekur við ímyndunum vorum, endurminningum og fýsnum, er letrað á hana eins og „óskrifað spjald“, og hina „starfandi“ skynsemi, er fer með sálareinkunnir þessar eftir vild sinni og gjörir annaðhvort að hugsa hlutina út í yztu æsar eða breyta eftir skynsemigæddum vilja. Hann skiptir því aftur

hinni starfandi skynsemi í huglæga (s. 257) (theoretiska) og verklæga (praktiska) skynsemi. Hyggur hann að lokum, að hin hreina, huglæga skynsemi, er sé óháð öllu persónueðli mannsins, geti ein lifað líkamsdauðann og hverfi til upphafs síns í guði.“ (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 258.)

„Trúlega eigum við [...] að viðurkenna tilvist einhvers í sálinni sem sniðgengur skynsemina, einhvers sem horfir öfugt við henni og veitir henni viðnám. Engu skiptir í hvaða skilningi þessi hluti greinist frá skynsemishlutunum. Hann virðist einnig eiga hlutdeild í skynseminni, sem fyrir segir, alltént hlýðir hann skynseminni í öguðum manni, og kannski enn frekar í hófsömum og hugrökkum, því hann er allsendis sammála skynseminni.“ (Aristóteles: Siðfræði Nikomakkosar I. Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1995, s. 246.)

„Þess vegna virðist skynleysi einnig vera tvenns konar, því vaxtarmegnið á ekkert sameiginlegt með skynsemi, en ástríðuhlutinn og hvatahlutinn yfirleitt á nokkra hlutdeild í skynseminni, það er að svo miklu leyti sem hann hlustar og gegnir.“ (Sama rit, s. 247)

„...engin siðræn dyggð er mannum í blóð borin, því enginn náttúrlegur hlutur venst á það sem gengur gegn náttúru hans.“ (Sama rit, s. 251)

Trúlega má skilja Aristóteles þannig, að sálin/hugurinn sé í grundvallaratriðum tvískiptur, þ.e. í gerandi eða framkvæmandi hluta, starfshluta eða fremjanda, sem þá t.d. myndar hugtök; og þolandi hluta eða eins konar bakhjarl, sem hefur á að skipa minningum, hugmyndum, skoðunum o.s. frv.

Aristóteles tekur upp þrískiptingu sálarinnar í svið eða hluta (sjá að ofan). Svið sálarinnar eru ólík og einkennast hvert af sinni sálargáfu eða dæmigerðri sviðsásýnd sálarinnar. (1) Næringarhlutinn er allur lífverum sameiginlegur, sá næsti (2) skynjunar- og hreyfingarhlutinn, er sameiginlegur öðrum dýrum. Þar eiga bólfestu langanir, hvatir, skynjun o.s.frv. Hvatalífið getur mótast af skynseminni og þess vegna orðið bólfesta dygðanna. (3) Æðsta sálargáfan er skynsemi og hugsun, sem einungis maðurinn býr yfir. Skynsemi skilgreinir Aristóteles það, sem sálin skilur með og ályktar. Sálin yfir býr þeirri gáfu að minnast og ímynda sér.

Í siðfræði Nikómakkosar telur Aristóteles þó sálina tvískipta í skynsemishluta annars vegar og skynleysishluta hins vegar. Skynsemin sundurgreinist í a) þekkingarhluta, þ.e. hugsun um hluti sem ekki eiga sér „brigðul upptök,“ og b) rökhluta, þ.e. hugsun um „fyrirbæri sem eiga sér brigðul upptök“.

Andstætt skynjuninni hefur hugsunin/skynsemin ekkert líffæri, en engu að síður bjó sálin í hjartanu. Með hjálp skynjunarinnar smíðar hinn gerandi hugur hugtökin þannig, að skynjaðir einstaklingar – eða einstök snið eða form – eru sameinuð í eitt almennt snið, t.d. margir einstakir menn verða að tegundinni menn. Slík almenn hugtök eru því efnislaus. Þau eru meginefniviður hugsunarinnar.

Um líkama og sál:

„Sálin er orsök og frumforsenda hins lifandi líkama [...]. Þá er sálin augljóslega orsök sem tilgangur [...]. Þá er loks sálin frumkvöðull hreyfingar í rými.“ (Aristoteles: Um sálina, Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1993, s. 117-118.)

„Tilfinningar sálarinnar valda þá og nokkrum erfiðleikum. Eru þær allar sameiginlegar þeim líkama, sem sálin býr í, eða er einhver þeirra sérstök fyrir sálina sjálfa? ... Svo virðist vera að í flestum tilvikum verði sálin ekki fyrir áhrifum né valdi þeim, án þess að líkaminn sé með í leiknum, t.a.m. reiði, hugdirfska, löngun og skynjanir almennt séð [...] geðhrif sálarinnar, að þau séu ávallt tengd“ (s. 79) líkamanum: reiði, blíðlyndi, ótti, meðaumkun, hugrekki, svo og gleði, ást og hatur: öllu þessu fylgir jafnframt einhver hræring líkamans. Það má sjá á því að stundum verður sterk og áþreifanleg örvun, á þess að leiði til æsings eða ótta. Í öðrum tilvikum koma litlar og veikar orsakir geðshræringa af stað, ef líkaminn er æstur og í líku ástandi og þegar maður er reiður. Og hér er annað dæmi ennþá skýrara: maður getur upplifað geðshræringu þá, sem einkennir ótta, þó að engin ástæða sé til að óttast. Sé þessu þann veg farið, er ljóst að geðhræringar eru form bundin í efni. Þar af leiðandi verður skilgreining þeirra á þessa lund: reiðin er hræring tiltekins líkama, annað hvort hluta hans eða einhvers eiginleika hans, tilorðin af tiltekinni ástæðu og í tilteknum tilgangi.“

„[...] sögðum að geðshræringar sálarinnar væru óaðskiljanlegar frá hinu líkamlega efni lífverunnar, að svo miklu leyti sem þær tilheyra því, [...]“ (Aristoteles: Um sálina, Hið Íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1993, s. 80-81.)

Um farsæld og hamingju:

Farsældina, heillina eða hin æðstu gæði taldi Aristóteles sjálft markmið eða eðlislægan tilgang mannsins. Hin æðstu gæði eru æskileg í sjálfum sér einvörðungu, ákjósanleg. Önnur gæði verða ákjósanleg vegna þeirra. (Hugtakið markmið í siðfræðinni mætti skilja sem eins konar ástæðu fyrir hegðun.) Farsæll maður er þroskaður, aðdáunarverður og dyggðugur. Skynsemin stuðlar að farsæld. Það er svonefnt eiginverk (athöfn) eða –virgni hennar, hlutverk. Skynsemin birtist hér sem hyggindi. Fólki er hamingjusamt, er það býr við hin æðstu gæði í lífinu, en þau eru

„fólgin í spekistarfi, dyggðaríku lífernir og hamingjusömu samlífi við ættingja og vini. Siðfræðin er til þess ætluð að benda mönnum á leiðirnar að þessu markmiði og kenna mönnum, í hverju góð og rétt breytni sé fólgin [...] það er ekki einstaklings-hamingjan, sem er aðalmarkmiðið, heldur heill og hamingja almennings eða fegrun og fullkomnun mannlegs lífs yfirleitt. En til þessa útheimtist tvennt, spakleg breytni og dyggðarík.“

Því skiptir Aristóteles dyggðunum þegar í svonefndar vitrænar dyggðir og venjulegar manndyggðir, [...] dyggð yfirleitt í því fólgin að rata rétt meðalhóf milli tveggja öfga, [...]; hófstillingin [...]; gjafmildin [...]. Réttlætið er tvenns konar, hið úthlutandi réttlæti, er úthlutar virðingu og metorðum eftir verðleikum manna, og hið dæmandi réttlæti, er jafnar misklíð manna og hegnir eftir makleikum [...].“ (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 259.)

Aristoteles hafði hugann einkum við hina góðu siðgerð (character – skaphöfn, skapgerð). Dyggð (dygð, ágæti) var eitt megin umfjöllunarefnið (sjá: virtue, rights, friendship, moral philosophy, virtue ethics). Í Siðfræði Nikomakkosar (s. 251) segir Aristóteles: „[...] Engin siðræn dyggð er manningum í blóð borin, því enginn náttúrulegur hlutur venst á það sem gengur gegn náttúru hans.“ Eiginvirgni eða sálarvirgni mannsins skal stefna að ágæti, dyggð. Besta hugsanlega frammistaða lýsir ágæti eða dyggð. Snjall flautuleikari er dyggðugur, ágætur.“

Dyggðin var nauðsynleg forsenda þess að lifa hinu góða/þroskaða lífi, verða farsæll, en þó ekki sú eina. Það skipti máli að eiga til hnífs og skeiðar og nokkur heppni var æskileg. Eitt megin einkenni dyggðar er meðalhófið, öfgaleysið, þ.e. að breyta við hæfi. Lykilhugtakið í þessu

sambandi er hyggindi, sem er vitræn dyggð. Hinn hyggni maður sýnir siðvit, hefur góða, siðgerð. Raunar hyggur Aristóteles, að hin æðsta farsæld sé einhvers konar tillíking guðdómsins, guðdómlega íhugun, sem vart sé á færi manna.

Fólki virðist tamt að rugla saman ánægju og farsæld. „...virðist almúginn leggja heill og farsæld að jöfnu við ánægju, og með nokkrum rétti. Þess vegna elskar hann munað [...] þorri manna er þýlundaður og æskir heldur lífs sem hæfir skepnum [...]“ (Siðfræði Nikomakkusar I, s. 214.)

Um dygð og sjálfræði:

Aristóteles taldi hið góða markmið alls. Dyggðir væru margar (t.d. hugrekki, göfgi, mikillæti, metnaðargirni, réttlæti), ýmist siðlegar, vitlegar (t.d. hyggindi, viska) eða verklegar, og þekktust helst við beitingu svonefndrar meðallagsreglu (um sjálfstjórn í anda orðtaksins; meðalhófið mælist best eða hyggileg hegðun við hæfi), þ.e. að þræða hinn þrönga veg millum öfganna.

„Til þess að geta stundað dyggðir [...] útheimtist tvennt, á annan bóginn sjálfræði viljans, á hinn bóginn sjálfagi, þroski og fullkomnun. Sjálfræðið telur Aristóteles í því einu fólgið, að maðurinn beri fullt skyn á breytni sína og breyti ótilneyddur af öðrum [...] meginþáttur hamingjunnar og mergur sá, er hegðun stendur á, er þó hin innri viðleitni mannsins sjálfs til þess að ástunda það, sem fagurt er og gott, fyrir sjálfs þess sakir. „ (Ágúst Bjarnason: Saga mannsandans III: Hellas, Hlaðbúð, Rvk 1950, s. 259.)

Dyggðugt líferni endurspeglast í góðum siðum, siðviti, sem lærist í uppeldinu, við menntun, og ber vitni um góða siðgerð. Sama gildir um réttlæti og dyggð. Um hvort tveggja vitnar breytnin, verkin, og ber þannig með sér góða samstillingu sálarinnar, þ.e. hvatahlutanum og skynseminni, og velheppnuðu eiginverki, en samkvæmt Aristótelesi er svonefnt eiginverk mannsins að lifa svo skynsamlega sem verða má, en viskuna, þ.e. að leita sannleikans sjálfs hans vegna, telur hann ágætasta eiginverkið.

Siðræn dyggð stjórnast því venjulega af skynseminni (vitinu, hyggindunum), hinni vitrænu dyggð. Aristoteles segir í sjöttu bók, kafla tvö: „Fyrst siðræn dyggð er ástand sem lýtur vali, en val er afráðin hvöt, hlýtur bæði rökfærslan að vera sönn og hvötin rétt eigi valið að vera gott og hvötin að sækjast eftir því sem rökfærslan tiltekur. Þessi hugsun og sannleikur varða athafnir ... Gott ástand hlutans sem ræður hugsun og athöfn er sannleikur sem samræmist réttri hvöt.“ (Þýðandi: Svavar Hrafn Svavarsson, fyrirlestur HÍ, jan. 2013.)

Dyggð er val að undangenginni svonefndri ráðagerð, sem er nauðsynleg mótun (sálar)hneigðar, sem vaknað hefur af hvöt. Ráðgerðin felst í rökhenndu (syllogism), þ.e. til grundvallar er lagður almennur gildisdómur (t.d. mjólk er góð) sem almenn forsenda, en aukaforsendan felst í skynjun (t.d. ég sé mjólk). Niðurstaðan eða valið stjórnar breytninni eða athöfninni (t.d. að neyta mjólkur). Almennur gildisdómur er sannur, sé hann felldur af hyggindum og góðu siðviti.

Aristóteles skipti sálinni í skynsemishluta og skynleysishluta og þeim fyrri síðan aftur í tvo; þ.e. rökhluta og þekkingarhluta. Dyggðin er eins konar leiðarljós að réttu marki, hyggindin birta leiðarvalið. Megineinkenni dyggðar eða ágætis felst í „sátt og samlyndi“ hvata og skynsemi.

Um réttlæti og jafnrétti:

Í inngangi að Siðfræði Nikomakkosar eftir Aristóteles, segir Svavar Hrafn Svavarsson um réttlætishugtak höfundar:

„Annars vegar lýtur réttlátur maður lögum. Hins vegar er hann sanngjarn; hann er ekki ójafnaðarmaður.“ (s. 148). Og síðar: „Réttlátur maður hneigist til ákveðinna verka af ráðnum hug og eigin vali. Hins vegar bera menn ekki jafnmikla ábyrgð á misréttlátum gerðum sínum [...]“ (s. 156).

Í þessu sambandi talar Aristóteles um afmarkað réttlæti, þ.e. breyti maður af nauðung, valdi slysi eða valdi öðrum tjóni sökum óviðráðanlegrar fávísi eða valdi maður öðrum miska í tilfinningalegu uppnámi, t.d. reiði, er breytnin að sönnu ranglát, enda þótt gerandinn sé dyggðugur. “Breyti maður af ráðnum hug og eign vali er gerandinn ranglátur og breytnin líka.“ (sama rit s. 156)

Í seinna bindi ofnagreiðrar bókar, farast Aristótelesi svo orð: „[...] telst réttlæti ein dyggða vera annarra manna gæði, því réttlæti beinist að öðrum; það skipar öðrum til heilla, hvort heldur stjórnandanum eða einhverjum félagi.“ (s. 18)

„Að svo miklu leyti sem dyggð beinist að öðrum er hún réttlæti, en að svo miklu leyti sem hún er einhlítt sálarástand er hún dyggð.“ (s. 19) „Þegar menn eru vinir gerist engin þörf á réttlæti, en þrátt fyrir réttlæti þarfnast þeir einnig vináttu (s. 150).“

Aristóteles sagði: „Hinum veiku er alltaf mjög umhugað um réttlæti og jafnrétti. Hinum sterku er sama um hvort tveggja“ (Bryan Magee. Saga heimspekinnar, Mál og menning, 2002, s. 36.). Hann taldi siðfræði eitt þriggja meginsviða þekkingarinnar (hin voru fræði hins óumbreytanlega (fræðileg þekking) og verkleg/tæknileg fræði). Hlutverk siðfræðinga væri að kanna náttúrulega hegðun manna, sem mótast af fjölda þátta, sem búa í þeim sjálfum og umhverfi þeirra. Af þeim sökum er fráleitt að leita að algildum reglum um breytni mannsins. Rannsóknin hefst í siðreynsluheimi vorum, því þekktanlega. Aristoteles spyr sig, hvert maðurinn stefni, hvað komi honum best og hver séu hin æðstu gæði.

Um ábyrgð:

Ábyrgð og réttlæti eru hugtök nátengd dyggðahugtakinu. Dyggðir ber fyrst og fremst að skoða í ljósi hegðunar að yfirlögðu ráði. Öðru máli gegnir ráðist hegðun af fávísi ellegar nauðung. Iðrist sá, er í fávísi sinni hefur valdið tjóni og sársauka, vann hann ekki illvirki sitt af ráðnum hug eða vitandi vits. Því ber hann ekki ábyrgð á gerðum sínum. Sama á við um háttarni við nauðung. Hins vegar ber hver maður ábyrgð á vali sínu eða yfirvegaðri breytni. Val er þannig tilkomið, að hvöt vaknar og kallar því á ráðagerð um fullnægingu hennar. Aristoteles kallar þetta rökhendu (syllogism). Hún er reist á almennum gildisdómi eða viðhorfi um það, að eftir einhverju sé að slægjast.

„Þannig er dyggðug breytni ekki aðeins viljandi heldur samkvæmt manns eigin vali. Þess vegna eru dyggðir og lestir undir okkur sjálfum komin. Því telur A að Sókrates hafi haft rangt fyrir sér þegar hann sagði að enginn væri viljandi slæmur. Hegðun okkar er á okkar valdi. Jafnvel fávísi firrir okkur ekki alfarið ábyrgð, því beri maður sjálfur sök á fávísi sinni er hann jafnsekur.“ (Svavar Hrafn Svavarsson. Inngangur að siðfræði Nikomakkosar eftir Aristóteles, s. 135.)

„[...] beri maður ábyrgð á hneigðum sínum og sálarástandi [ber] hann einnig ábyrgð á hvað honum finnst vera gott; ef sú er ekki raunin beri mannlega náttúra sökina á öllum hans gerðum og hneigðum. Breytni [er] alfarið á ábyrgð breytandans sjálfs; hann er ávallt aflvaki þeirrar breytni sem er gerð af ráðnum hug [...] Aristóteles virðist segja að við séum frjáls en þó fylgi breytnin nauðsynlega skapgerð okkar, hneigð, sálarástandi.“ (Svavar Hrafn Svavarsson. Inngangur að siðferði Nikomakkosar eftir Aristóteles, s. 135 -136.)

Maðurinn ber ábyrgð á viljandi athöfnum sínum, nema um sé að ræða fávísi eða nauðung. Sé fávísinn hins vegar valinn er viðkomandi ekki firrtur ábyrgð á gerðum sínum.

„Dyggðir og lestir eru því á okkar eigin valdi. Sé á okkar valdi að breyta er einnig á okkar valdi að breyta ekki,“ skrifar Aristóteles í Siðfræði Nikomakkosar (s. 300).

Val eða ásetningur er ævinlega viljandi sem og óskinn. Ígrundun um þessi atriði á sér stað í rökhluta skynseminnar sem rökhenda (syllogism). Þannig er siðlega þekking eða siðvit ákveðin sálargáfa, hæfileiki, undirstaða stjórnspekinnar. Hinn réttláti maður fer að lögum og sýnir sanngírni.

Um fávísi:

Fávísinn á sér bróður í breyskleikanum, því að beita ekki þekkingu, sem viðkomandi býr yfir, þ.e. breyta gegn betri vitund eins og þekkingin væri í fastasvefni. Skýring gæti þess vegna falist í gallaðri siðrökhendu eða ráðagerð; þ.e. önnur tveggja aðal- eða aukaforsenda gæti verið brengluð eða hluti aðalforsendu. Breyskleiki felst í skorti á sjálfsaga, þ.e. löngun eða hvöt ber skynsemina ofurlíði. Breyskleiki getur einnig birst sem ofurmannleg dyggð eða beinlínis sem skepnuskapur. Breyskleiki fellur innan tveggja sviða; hins almenna, er tekur til líkamlegra nautna, og svo allra hinna (er fremur einkenna manninn sem skynsemisveru), sem eru síður fordæmanleg.

Um ánægju:

Dyggðin leiðir til eiginlegrar ánægju, segir Aristoteles, og ánægjan er af hinu góða, felur í sjálfri sér bæði marmið sitt og fullkomnun og er sem slík þáttur hinna æðstu heilla. Grundvallaránægjan er fólgin í góðri virkni eða starfi líkamshlutanna, svo fremi þau starfi ekki í þágu breyskleikans. Þannig getur siðleg ánægja verið beintengd líkamanum. Góð virkni er ánægjuleg virkni. Ánægjan getur þar að auki fullkomnað virknina, sem getur hana af sér. Óæskileg virkni (ánægja) hindrar manninn aftur á móti í þroskun og blómgun, vexti og viðgangi. Æðsta ánægja mannsins og nautn er hrein íhugun. Hún stuðlar að nánd og samsemd við sjálfan guðdóminn. Það er megineinkenni mannsins að vilja losna úr sínum mennska hami og tillíkjust Guði.

Um siðferði:

Hinn réttláti maður sýnir sanngírni og jöfnuð og lýtur jafnframt lögum. Aristóteles nefnir bæði náttúrulegt réttlæti og það réttlæti, sem menn koma sér saman um.

Siðfræðina, vísindin um þroskun og farsæld manna, gerði Aristóteles eitt þriggja höfuðsviða þekkingar (hin voru bókvit/fræðileg þekking á hinu óumbreytanlega og tæknivit/verkþekking, þ.e. snéru að framleiðslu og sköpun). Siðfræðin er á einn hátt leitinn að hinum æðstu gæðum, þ.e. gæðum sem eru ákjósanleg í sjálfum sér og stuðla að hegðun í samræmi við það.

Siðræðin rúmar m.a. stjórnspekina. Stjórnspekingar leita samfélagslegra leiða til marka braut hins góða og farsæla í lífi borgaranna, rannsakar umfram allt það sem er göfugt og réttlátt. Samfélag er talið nauðsynlegt þroska mannsins, framfærslu og hamingju, þ.e. það samræmist félagsæðli hans og tilgangi skaparans (tilgangshyggja - teleology).

Sökum þess, hversu margslungið er hátterni mannsins, er ekki unnt að setja fram algildar reglur um það. Rannsóknin hefst í kunnuglegri breytni, sem gæti orðið grundvöllur alhæfingu um allt hátterni. Slíka þekkingu skyldi nýta til að breyta betur. Þekking á að koma að gagni.

Í dyggðafraeðinni er kennt, að hina rétta breytni einkennist af dyggð við tiltekna aðstæður. Hin rétta breytni og dyggðuga er markmið í sjálfri sér. Hinn dyggðum þrýddi maður er vitanlega dyggðugur, hefur yfir að búa dyggðugri skapgerð eða siðgerð. Þó skal ekki ganga út því gefnu, að dyggðug breytni beri ævinlega vott um dyggð eða horfi til farsældar (hamingju). Skynsemdarögun hvatanna er hin stærsta áskorun hins dyggðuga.

Um vináttu:

Aristóteles leit á hina sönnu vináttu sem hluta hinna æðstu gæða og þar með nauðsynlegan hluta farsældarinnar, sem er góð í sjálfri sér og því góð og nauðsynleg hverjum manni.

Kjarni hinnar sönnu eða fullkomnu vináttu voru ekki sérhagsmunir, sérgæska, heldur gagnkvæm virðing og ást á grundvelli mannþroska hins góða manns, vinarins, sem bjó yfir góðu siðviti og viti/skynsemi yfirleitt, geislaði góðri siðgerð. Þannig er vináttan gagnkvæm. Vinur er velgjörðamaður. Hagsmunir slíkra vina voru lagðir jafnir manns eigin, tekið er mið af þeim.

Vini skyldi óskað æðstu gæða rétt eins og sjálfum sér. Í Mælskufraeðinni segir Aristóteles að unna sé að sýna vináttu: „[...] að óska einhverjum þess sem hann telur til gæða, hans vegna en ekki sjálfs sín, og tryggja eftir fremsta megni uppfyllingu þessara gæða.“ (Þýðing Svavars Hrafns Svavarssonar, fyrirlestur í HÍ jan. 2013.)

Vinur er dyggðugur, sýnir vini hið sanna réttlæti. Vinur er náinn, eins konar skuggamynd sjálfsins, annað sjálf. Vináttan endurspeglar velvildina (jafnvel; hlýjuna, ástina) til sjálfs sín. Í níundu bók (8) segir Aristóteles: „[...] sá er bestur vinur sem vill þeim vel sem hann vill vel sjálfs hans vegna [...] Þessi eiginleiki tilheyrir helst viðmóti manns til sjálfs sín, sem og allir aðrir eiginleikar sem skilgreina vin, því sem fyrr segir miðast allir eiginleikar vináttu manna á milli við þetta viðmót manns við sjálfan sig.“ (Þýðing Svavars Hrafns Svavarssonar, fyrirlestur í HÍ jan. 2013.) Skynsemin er mikilvægasti eiginleikinn í þessu sambandi.

Vinmargur maður var sæll maður, en fjöldi slíkra vina hlaut að takmarkast við þann fjölda, sem tími vannst til að blanda geði við.

Auk sannrar og fullkominnar vináttu nefnir Aristóteles einnig svonefnda ánægjuvináttu og nytsemisvináttu, sem bera hin sömu megineinkenni sannrar vináttu, þ.e. gagnkvæmni um velgjörð og velvild, en virðast þó stofnað til af gagnsemi.

Vináttan ætti að vera mönnum leiðarljós í samskiptum þeirra sem þegna eða borgara í ríki (borgríkinu). Hún stuðlar að sátt og samlyndi, einhugi borgaranna og farsæld þeirra. Auk þess er vináttan snar þáttur í hinn æðstu mynd réttlætisins.

Fólk virðist að dómi Aristótelesar geta orðið býsna sjálfhverft: „Svo virðist sem flestum manneskjum sé fremur metnaðarmál að vera elskaðar en elska [...], en um það snýst eiginlega ást, ástúð eða vinátta engan veginn; [...] virðist vinátta fremur felast í því að veita ástúð en þiggja. Til marks má hafa mæður, sem njóta þess að veita börnum sínum ástúð, því sumar mæður láta börn sín alast upp hjá öðrum; þær hafa til að bera ástúð og þekkingu á högum barna sinna, en reyna ekki að njóta ástúðar þeirra, standi þeim ekki hvort tveggja til boða. Þeim virðist nægja að sjá börn sín þrífast vel. Mæður elska sjálfar börn sín þó að börnin hafi ekki vit til að veita þeim það sem mæðrum ber [...].“ (Aristóteles: Siðfræði Nikomakkosar II. Hið Íslenzka bókmenntafélag, Rvk. 1995, s. 167-168.)

Um sjúkdóma:

„Dyggðir og lestir eru því á okkar eign valdi. Sé á okkar valdi að breyta er einnig á okkar valdi að breyta ekki.“ (Aristóteles: Siðfræði Nikomakkosar I. Hið Íslenzka bókmenntafélag, Rvk. 1995. Inngangur og skýringar Svavars Hrafns Svavarssonar, s. 300.)

„[...] menn eiga sjálfir sök á því að vera ranglátir eða hóflausir, hvort heldur með ofbeldi eða drykkjuskap eða einhverju slíku, því tiltekinn verknaður getur af sér samsvarandi siðgerð.“ (Sama rit, s. 302)

„Það er einnig rangt að halda að maður sem beitir ranglæti óski sér ekki að vera ranglátur eða maður sem lifir við hófleysi óski sér ekki að vera hóflaus.“ (Sama rit, s. 303)

„Sjúklingur verður ekki heill heilsu með ósk sinni eftir heilsu. Gerum ráð fyrir að sjúklingur sé sjúkur viljandi af hófleysi í lífsháttum og óhlýðni við lækna. Upphaflega var vissulega undir honum komið að verða ekki sjúkur, en ekki þegar hann hefur fyrirgert heilsunni, [...]“ (Sama rit, s. 303.)

„Nú eru ekki aðeins sálarlestir viljandi heldur hafa sumir viljandi líkamslesti. Við ávítum þessar manneskjur. Það ávítar enginn fólk sem fæðist ljótt, en við ávítum fólk sem verður ljótt af þjálfunarleysi og vanhírðu. Það gegnir sama máli um vanmátt og bæklun; það ávítar engin mann sem fæðist blindur eða blindast af völdum veikinda eða barsmíða heldur aumka, en allir ávíta mann sem blindast af völdum ofdrykkju eða einhvers hófsleysis. Við vítum því líkamslesti sem eru á okkar eign valdi en ekki aðra.“ (Sama rit, s. 303-304.)